

Ár 1973, laugardaginn 30. júní, var í málinu nr. 20/1972 kveðinn upp af Yfirfasteignamatarnefnd svohljóðandi

á r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að í aðalmati fasteigna, sem löggilt var til að öðlast gildi 1. janúar 1972, var landspilda, sem Ólafur Þorgrímsson, hæstaréttarlögmaður á í Grímsneshreppi og mun upphaflega hafa heyrt til jörðinni Norðurkoti, metin á 100 þús. krónur. Millimatsmenn í Grímsneshreppi hafa tekið land þetta til endurmats og samkvæmt mati þeirra, dags. 10. september 1972, er landið metið á samtals 1175 þús. krónur.

Hefur hreppsnafnd Grímsneshrepps síðan lagt fasteignaskatt á landið á grundvelli síðastgreinds endurmats.

Með bréfi, dags. 11. október 1972, kærði Ólafur Þorgrímsson ofangreint mat og álagningu fasteignaskatts. Telur kærandi í fyrsta lagi, að ekki hafi verið fyrir hendi lagaskilyrði til endurmats á umræddu landi. Í öðru lagi telur hann matið of hátt, þar sem þar sé skógrækt, sem beri að telja til landbúnaðar, og af þeim sökum beri að leggja til grundvallar sömu sjónarmið og byggt sé á við mat á landi bújarða í grenndinni. Í þriðja lagi telur kærandi, að til greina komi að fasteign hans sé undanþegin fasteignaskatti með löggjöfnun frá 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga.

Kerumál þetta snýst aðeins um fasteignamat á umræddu landi og skyldu eiganda til greiðslu fasteignaskatts af því til sveitarsjóðs Grímsneshrepps. Landið er í ofangreindu mati millimatsmanna talið 21,5 ha að stærð og verður sú landstarf lögð til grundvallar hér. Mataverð landsins samkvæmt aðalmati fær borsýnilega ekki staðizt og samkvæmt því verður að líta svo á, að skilyrði til endurmats hafi verið fyrir hendi, sbr. 2. tl. 21. gr. laga nr. 28/1963 um fasteignamat og fasteignaskráningu. Ekki hefur verið upplýst, að nýting landsins til skógræktar geti talizt fara fram úr eðlilegri tómtundaíðju manna. Að öllu athuguðu, þykir fasteignamatsverð samkvæmt niðurstöðu endurmats millimatsmanna frá 10. september 1972 ekki of hátt ákveðið. Ekki verður fallizt á með kæranda, að ákveði 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga geti hér átt við fyrir löggjöfnun. Samkvæmt þessu er niðurstaða málsins sú, að kröfur kæranda verða ekki teknar til greina.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Framangreind læra um lækun fasteignamataverðs frá endurmati millimatsmanna, dags. 10. september 1972, og um niðurfellingu fasteignaskatts er ekki tekin til greina.

Gaukur Jörundsson

Torfi Asgeirsson

Pálmi Jónsson